

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Blönduósbæ.

#### 1. gr.

Árlegt sorphirðugjald, vegna sorphirðu, sorpeyðingar og afnota af gámasvæði í Blönduósbæ er sem hér segir:

##### 1.1. Á hverja íbúð og á lögbýli eða íbúðarhús utan þéttbýlis:

Sorphirðugjald	kr. 17.000
Sorpförgunargjald	kr. 17.000
Samtals:	kr. 34.000

Gjald skv. þessum lið miðast við að sorp sé hirt úr einu 240 lítra sorpíláti á hvern greiðanda. Óski greiðendur eftir fleiri sorpílátum skal greiða kr. 17.000 fyrir hvert viðbótar 240 lítra sorpílát.

##### 1.2. Á sumarhús: kr. 17.000 sorpförgunargjald, enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæði sveitarfélagsins samkvæmt gildandi reglum þar um.

##### 1.3. Hesthús og gripahús í þéttbýli: kr. 17.000 á hús enda geta eigendur notað gámasvæði sveitarfélagsins samkvæmt gildandi reglum þar um.

#### 2. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og -eyðingu skv. 1. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum.

#### 3. gr.

Að lokinni álagningu gjalda skv. 1. gr. gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjaldtöku bæjarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er bæjarstjórn heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

#### 4. gr.

Gjaldskrá endurvinnslustöðvar er sem hér segir:

Þeir sem koma með úrgang á gámasvæðið að Efstubraut 5a, Blönduósi greiða eftir rúmmáli fyrir losun á úrgangi í eftirtöldum flokkum:

<b>Stærð farms:</b>	<b>0,25 (1/4) m<sup>3</sup></b>	<b>0,50 (1/2) m<sup>3</sup></b>	<b>0,75 (3/4) m<sup>3</sup></b>	<b>1 m<sup>3</sup></b>
Gjald	1.000 kr.	2.000 kr.	3.000 kr.	4.000 kr.

	<b>Gjaldskylt frá heimilum</b>	<b>Gjaldskylt frá rekstraraðilum</b>
Vörubretti, kassar o.þ.h.	Já	Já
Timbur – þar með talið ljós-/hvítmálað eða plasthúðað frá framkvæmdum	Já	Já
Húsgögn o.þ.h.	Nei	Já
Grófur úrgangur frá framkvæmdum	Já	Já
Bólstruð húsgögn, dýnur o.þ.h.	Nei	Já
Blandaður úrgangur frá framkvæmdum	Já	Já
Blandaður heimilisúrgangur o.þ.h.	Nei	Já

	<b>Gjaldskylt frá heimilum</b>	<b>Gjaldskylt frá rekstraraðilum</b>
Steinefni frá framkvæmdum	Já	Já
Bílrúður	Já	Já
Jarðvegur	Já	Já
Gras og hey	Nei	Já
Trjágreinar	Já	Já
Garðaúrgangur	Nei	Já
Brotajárn	Já	Já

Flokkaður úrgangur sem fer til endurvinnslu er án gjalds fyrir alla.

Flokkaður úrgangur skal vera án aðskotahluta eða mengandi efna í samræmi við reglur um flokkun og móttöku úrgangs.

Úrgangsflokkur þarf að vera staðfestur af starfsmanni á gámastöð.

Afgreiðslugjald á gjaldskyldum flokkum er að lágmarki 1.000 kr. með vsk.

Þegar um stærri farma er að ræða (5-10 m<sup>3</sup>) þarf að semja sérstaklega um móttöku þeirra.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Blönduóss þann 21. desember 2011 eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra dags 13. mars 2012, á grundvelli samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Blönduósbæ og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og skal þegar öðlast gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá frá 2011 vegna sorphirðu fyrir Blönduósbæ.

*Blönduósi, 14. mars 2012.*

**Arnar Þór Sævarsson** bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 29. mars 2012